

DV



SJÓNVARPIÐ

- 17.50 **Sumarglugginn.** Endursýndur þáttur frá sl. sunnudegi.
- 18.45 **Táknmálsfréttir.**
- 18.55 **Poppkorn.** Umsjón Stefán Hilmarsson.
- 19.20 **Svarða naðran** (Blackadder). Ellefti þáttur. Breskur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Gunnar Þorsteinsson.
- 19.50 **Tommi og Jenni.**
- 20.00 **Fréttir og veður.**
- 20.30 **Grænir fingur** (14). Þáttur um garðrækt í umsjón Hafsteins Hafliðasonar. Í þessum þætti er fjallað um ræktun dvergtrjáa að japönskum hætti.
- 20.45 **Grimm eru örlög glóbrystinga** (Who Really Killed Cock Robin). Þýðandi og þulur Óskar Ingimarsson. Þulur Kristján Kristjánsson.
- 21.20 **Steinsteypuviðgerðir og varnir.** Fjórir þáttar – Böðun steinsteypu með vatnsfælum. Þáttur unninn á vegum Byggingaþjónustunnar. Handrit: Sigurður H. Richter.
- 21.30 **Gervaise (s/h).** Frönsk bíómynd frá 1956 gerð eftir sögu Emile Zola, L'Assommoir. Leikstjóri Rene Clement. Aðalhlutverk Maria Schell, Francois Perier, Suzy Delair, Armand Mestral. Gervaise er þvottakona í París seint á nítjándu öld. Hún á við lítils háttar bækluu að stríða en skín og skúrir skiptast á í lífi hennar. Kornung eignast hún tvö börn með manni sem yfirgefur hana en átján ára gömul gengur hún í hjónaband og um stundarsakir rofar til í lífi hennar. Þýðandi Ólaf Pétursdóttir.
- 23.00 **Ellefurfréttir.**
- 23.10 **Gervaise... framh.**
- 23.40 **Dagskrárlok.**



- 16.45 **Santa Barbara.**
- 17.30 **Lengi lífir í gömlum glæðum.** Violets Are Blue. Menntaskólaástin er fyrir mörgum fyrsta og eina ástin og fjallar myndin um ungt fólk sem á menntaskólaárnum ráðgerði að eyða lífinu saman í framtíðinni. Hún fór þó sem blaðamaður og ljósmyndari á heimshornafliak en hann ætlaði að bíða... Aðalhlutverk: Sissy Spacek, Kevin Kline, Bonny Bedelia og John Kellogg.
- 18.55 **Myndrokk.**
- 19.19 **Fréttir og fréttumfjöllun.** Íþróttir og veður ásamt fréttatengdum innskotum.
- 20.00 **Sögur úr Andabæ.** Teiknimynd fyrir alla fjölskylduna með Andrési önd og félögum.
- 20.30 **Falcon Crest.** Bandarískur framhaldsmyndaflokkur.
- 21.25 **Kvikmyndin Munchausen.** The Making of Munchausen. Við fylgjumst með hinum fræga kvikmyndagerðarmanni Terry Jones þegar hann er að vinna að myndinni Ávintýri Munchausen sem verður bráðlega tekin til sýninga í kvikmyndahúsum Reykjavíkur. Ávintýri Munchausens ku vera ein dýrasta mynd sem gerð hefur verið og er talið að hún muni ekki standa undir sér fjárhagslega. Myndin hefur hlotið misjafna dóma en er þrátt fyrir það í óviðjafnanlegum fánaleikastíl og eru tæknibrellurnar vel athugnar virði.
- 22.15 **Sigild hönnun.** Design Classics. Árið 1930 skipaði Hitler dr. Porsche að hanna farartæki sem uppfyllti drauma hans um að „hver og einn ætti þess kost að kaupa bifreið á sama verði og meðalreiðhjól kostaði“. Bifreiðin varð meira en hagnýtt flutningatæki. Hún varð stöðutákn fjölskyldunnar eða eins og dr. Carl Hahn, forstjóri Volkswagenverksmiðjanna orðaði það: „Meðlimur fjölskyldunnar sem býr í bílskúrnum.“
- 23.00 **Sögur að handan.** Tales from the Darkside. Magnþrungin spenna.
- 23.05 **Sporfari.** Blade Runner. Harrison Ford leikur fyrverandi lögreglu mann í þessari ósviknu vísindaskáldsögu sem gerist í kringum árið 2020. Aðalhlutverk: Harrison Ford, Rutger Hauer, Sean Young, Edward James Olmos og Daryl Hannah. **Stranglega bönnuð börnum.**



Rás 1
FM 92.4/93.5

- 6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Hreinn Hjartarson flytur.
- 7.00 **Fréttir.**
- 7.03 **Í morgunárið** með Ingvaldi Ólafsdóttur.
- 9.00 **Fréttir.**
- 9.03 **Litli barnatíminn:** Viðburðaríkt sumar eftir Þorstein Marelsson.

- Höfundur les (2) (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
- 9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur.
- 9.30 **Landpósturinn** – Frá Norðurlandi. Umsjón: Kristján Guðmundur Arngrímsson.
- 10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
- 10.10 **Veðurfregnir.**
- 10.30 **Þræðir** – Úr heimi bókmenntanna. Umsjón: Símon Jón Jóhannsson. Lesari: Viðar Eggertsson.
- 11.00 **Fréttir.**
- 11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Daniel Þorsteinsson. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
- 12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
- 13.05 **Í dagsins önn** – Póstverslun. Umsjón: Ásdís Loftsdóttir. (Frá Akureyri)
- 13.35 **Miðdegissagan:** Að drepa hermikráku eftir Harper Lee. Sigurlína Davíðsdóttir les þýðingu sína (29.)
- 14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
- 14.05 **Harmóníkubáttur.** Umsjón: Högni Jónsson. (Endurtekinn þáttur frá sunnudagskvöldi)
- 14.45 **Íslenskir einsöngvarar og kórar.** Svala Nielsen, Sigrður Ella Magnúsdóttir, Selkórinn og Ólafur Þ. Jónsson syngja lög eftir Inga T. Lárusson, Sigfús Einarsson og Þorvald Blöndal.
- 15.00 **Fréttir.**
- 15.03 **Undir hlíðum eldfjallsins.** Ari Trausti Guðmundsson ræðir við Sigurð, Flosa og Hálfán Björnsyni, búendur á Kviskerjum í Öræfssveit. Fyrri hluti. (Endurtekinn þáttur frá mánudagskvöldi.)
- 16.00 **Fréttir.**
- 16.03 **Dagbókin.** Dagskrá.
- 16.15 **Veðurfregnir.**
- 16.20 **Barnaútvarpið** – Árið 3000. Umsjón: Sigrður Arnardóttir.
- 17.00 **Fréttir.**
- 17.03 **Tónlist á síðodegi** – Tsjekovski, Mussorgsky og Grieg.
- 18.00 **Fréttir.**
- 18.03 **Að utan.** Fréttabáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
- 18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpi kl. 4.40) Tónlist. Tilkynningar.
- 18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.30 **Tilkynningar.**
- 19.32 **Kviksjá.** Umsjón: Freyr Þor módósson og Ragnheiður Gyða Jónsdóttir.
- 20.00 **Litli barnatíminn:** Viðburðaríkt sumar eftir Þorstein Marelsson. Höfundur les (2.) (Endurtekinn frá morgni.)
- 20.15 **Frá norrænum tónlistardögum í Stokkhólm í fyrrihaust.** Tvö kórlög eftir Jan Sandström og Sinfónía nr. 6 eftir Daniel Börtz. Umsjón: Jónas Tómasson.
- 21.00 **Úr byggðum vestra.** Finnabogi Hermannsson staldrar við í vestfiskum byggðum. (Frá Ísafirði)
- 21.40 **Farandi menn.** Hermann Pálsson, prófessor í Edinborg, flytur erindi um orðskvið í riti frá þrettándu öld.
- 22.00 **Fréttir.**
- 22.07 **Að utan.** Fréttabáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
- 22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
- 22.30 **Að framkvæma fyrst og hugsa síðar.** Annar þáttur af sex um stefnu og stefnuleysi í umsjá Smára Sigurðssonar. (Frá Akureyri)
- 23.10 **Djassþáttur.** – Jón Múli Árnason. (Einnig útvarpað í næturútvarpi aðfaranótt mánudags kl. 2.05.)
- 24.00 **Fréttir.**
- 00.10 **Samhljómur.** Umsjón: Daniel Þorsteinsson. (Endurtekinn frá morgni.)
- 01.00 **Veðurfregnir.**
- 01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**



FM 90.1

- 7.03 **Morgunútvarpið.** Leifur Hauksón og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, veðurfregnir kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
- 9.03 **Morgunsyrpa.** Eva Ásrún Albertsdóttir. Neytendahorn kl. 10.05. Afmæliskefju kl. 10.30. Þarfabing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03. Gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.
- 12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Gestu Einari Jónassyni sem leikur þrautreynda gullaldartónlist.
- 14.03 **Milli mála.** Árni Magnússon á útklíki og leikur nýju lög. Haggröngur dagsins rétt fyrir þjógu og Veidihornið rétt fyrir fjögur.
- 16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Lís Pálsdóttir, Sigurður Þór Salvarsson og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.



- 7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist. Kl. 8.30 er fluttur stuttur veiðipáttur Þrastar Elliðasonar, með viðtölum og fréttum af veiði.
- 10.00 **Valdis Gunnarsdóttir.** Valdis er með hlutina á hreinu og leikur góða blöndu af þægilegri og skemmtilegri tónlist eins og henni einni er lagið.
- 14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Óskalogin, kveðjurnar, nýjustu lög, gömlu göðu lög, allt á sínum stað. Bjarni Ólafur stendur alltaf fyrir sínu.
- 18.10 **Reykjavík síðdegis. Hvað finnst þér?** Hvað er efst á baugi? Þú getur tekið þátt í umræðunni og lagt þitt til málanna í síma 61 11 11. Þáttur sem dregur ekkert undan og menn koma til dýranna eins og þeir eru klæddir þá stundina. Umsjónarmaður er Arnþrúður Karlsdóttir.
- 19.00 **Freyrmodur T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
- 20.00 **Haraldur Gíslason.** Ný og góð tónlist, kveður og óskalog.
- 24.00 **Næturdagskrá.** Fréttir á Bylgjunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.



- 7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist. Kl. 8.30 er fluttur stuttur veiðipáttur Þrastar Elliðasonar, með viðtölum og fréttum af veiði.
- 9.00 **Gunnlaugur Helgason.** Leikur, tónlist og ýmslegt létt sprell með hlustendum. Gunnlaugur leikur nýjustu lög og kemur kveðjum og óskalogum hlustenda til skila.
- 14.00 **Margrét Hrafnisdóttir.** Stjórnan tónlistinni með duglegri hjálp hlustenda. Ný tónlist situr í fyrirrúmi. Spjallað við hlustendur, gettraunir og leikir. Róleg tónlist kl. 18.10-19.
- 19.00 **Freyrmodur T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
- 20.00 **Haraldur Gíslason.** Ný og góð tónlist, kveður og óskalog.
- 24.00 **Næturstjörnur.** Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.



- 9.00 **Rótartónar.**
- 11.00 **Prógramm.** Tónlistarþáttur. E.

- 12.00 **Tónlist.**
- 14.30 **Á mannlegu nótnum.** Flokkur mannsins. E.
- 15.30 **Samtök græningja.** E.
- 16.00 **Fréttir frá Sovétríkjunum.** María Þorsteinsdóttir.
- 16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
- 17.00 **Upp og ofan.**
- 18.00 **Elds er þörf.** Umsjón: Vinstrisósíalistar. Um allt milli himins og jarðar og það sem efst er á baugi hverju sinni.
- 19.00 **Hlustið.** Tónlistarþáttur í umsjá Kristins Pálssonar.
- 20.00 **Það erum við.** Unglingabáttur. Umsjón: Júlíus Schopka.
- 21.00 **Í eldri kantinum.** Tónlistarþáttur í umsjá Jóhönnu og Jóns Samúels.
- 22.00 **Magnamín.** Tónlistarþáttur með Agústi Magnússyni.
- 23.30 **Rótardraugar.**
- 24.00 **Næturvakt.**



- 7.00 **Hörður Amarnson.**
- 9.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
- 11.00 **Steingrímur Ólafsson.**
- 13.00 **Hörður Amarnson.**
- 15.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
- 17.00 **Steingrímur Ólafsson.**
- 19.00 **Steinnunn Halldórsdóttir.**
- 22.00 **Snorri Skúlason.**
- 1.00– 7 **Tómas Hilmar.**



- 4.30 **Viðskiptabáttur.**
- 5.00 **The DJ Kat Show.** Barnabáttur.
- 7.30 **Panel Pot Pourri.** Spurningabáttur.
- 9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
- 9.30 **Sky by Day.** Fréttabáttur.
- 10.30 **A Problem Shared.** Fræðslubáttur með ráðleggingum.
- 11.00 **Another World.** Sápúpera.
- 11.55 **General Hospital.** Framhaldsflokkur.
- 12.50 **As the Worlds Turns.** Sápúpera.
- 13.45 **Loving.**
- 14.15 **The Lucy Show.** Gamanþáttur.
- 14.45 **Lady Lovely Locks.** Teiknimyndasería.
- 15.00 **Poppþáttur.**
- 16.00 **The Young Doctors.**
- 16.30 **Three's Company.** Gamanþáttur.
- 17.00 **Sky Star Search.** Hæfileikaþing.
- 18.00 **Sale of the Century.** Spurningaleikur.
- 18.30 **Hey Dad.** Gamanmyndaflokkur.
- 19.00 **Mr. Belvedere.** Gamanmyndaflokkur.
- 19.30 **Trapper John.** Gamanmyndaflokkur.
- 20.30 **Rush.** Framhaldsmyndaflokkur.
- 21.30 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
- 22.30 **Top End Down Under.** Ferðabáttur.



- 13.00 **Ladyhawke.**
- 15.10 **Robinson Crusoe.**
- 17.00 **Norma Rae.**
- 19.00 **The Sure Thing.**
- 21.00 **The Culpepper Cattle Company.**
- 22.35 **Gulag.**
- 00.45 **Rolling Thunder.**




- 9.30 **Eurosport – What a Week!** Litið á viðveruð líðinnar viku.
- 10.30 **Golf.** British Open.
- 11.30 **Hestaíþróttir.** Hindrunarhlaup.
- 12.30 **Knattspyrna.** England gegn Svíþjóð.
- 13.30 **Hjólreiðar.** Tour de France.
- 14.30 **Fjálssar íþróttir.**
- 15.30 **Eurosport Menu.**
- 17.00 **Trans World Sport.** Íþróttafréttir.
- 18.00 **Fimleikar.** Keppni í Astrálu.
- 19.00 **Sundknattleikur.**
- 20.00 **Knattspyrna.** Sovétríkin gegn Ítalíu.
- 21.00 **Knattspyrna.** Frá heimsmeistarakeppinni.
- 22.00 **Sundknattleikur.**



- 13.30 **Poppþáttur.**
- 14.30 **Holline.**
- 16.30 **Transmission.** Popp í Englandi.
- 17.30 **Lenny Henry.** Gamanmál.
- 18.00 **Battle of the Coral Sea.** Kvikmynd.
- 19.30 **Euro magazine.** Fréttabáttur.
- 19.50 **Fréttir og veður.**
- 20.00 **Burke's Law.** Spennumyndaflokkur.
- 20.55 **Barnaby Jones.**
- 21.50 **Fréttir, veður og popptónlist.**

Miðvikudagur 26. júlí



Hann er meðlimur fjölskyldunnar. Eini munurinn er að hann býr í bílskúrnum.

Stöð 2:

Sígild hönnun Volkswagen

Árið 1930 fól Hitler dr. Porsche að hanna farartæki sem uppfyllti drauma hans fyrir almúga Þýskalands. Billinn átti að vera svo ódýr að allir áttu að hafa efni á að kaupa hann – ekki dýrari en meðalmótorhjól. Útkoman varð bill sem seinna varð miklu meira í augum fólks en farartæki eingöngu. Volkswagen varð ímynd fólks og eitthvað sem fleiri en þjóðverjar þekktu. Carl Hahn, stjórnarformaður Volkswagen samsteypunnar, sagði eitt sinn „að svona bílar væru meðlimir fjölskyldunnar – eini munurinn er að hann býr í bílskúrnum,“ sagði Hahn.



Fylgst verður með vinnubrögðum að tjaldabaki í stórmyndinni Baron Munchausen.

Stöð 2 kl. 21.25:

Kvikmyndin Munchausen

Þetta er sextíu mínútna heimildarmynd um kvikmynda-tökur á margmilljónamyndinni Baron Munchausen sem gerð var af fyrrverandi Monthly Python stjórnum Terry Gilliam. Myndin lýsir lífinu að tjaldabaki – vinnunni sem lýsir á áhrifaríkan hátt því sem fyrir augu áhorfandans ber á tjaldinu.


Einnig er greint frá sérstökum vinnuaðferðum Gilliams. Auk þess verður brugðið upp viðtölum við hann og aðalleikara myndarinnar. Sýnd verða brot úr þessu myndræna verki og fá því áhorfendur dálítið forskot á söluna því reiknað er með að þessi mynd verði einn helsti stórviðburður á sviði kvikmynda á þessu ári.

Sjónvarp kl. 20.45:

Grimm eru örlög glóbristingsins

Þessi fræðslumynd frá BBC heitir á frummálinu Who really Killed Cock Robin? Stjarna þáttarins er hinn þjóðlegi fugl Breta, glóbristingurinn. Í kynningu frá BBC segir að fuglinn með rauðu bringuna sé að mörgu leyti líkur JR nokkrum í Dallas – dragi aðra á talar, eigi í átökum og berjist fyrir tilveru sinni. Margt er það sem ógnar fuglinum, svo sem aðrir fuglar, kuldi og hungur. Fuglinn verður ekki bara að komast af heldur verður hann að reyna að sjá um afkomendur sína.

Á meginlandi Evrópu eru glóbristingar fælir skógarfuglar. Í Bretlandi hefur hann hins vegar skapað sér tengsl við manninn og flestir þeirra eiga heima í einka-



Hinn þjóðlegi fugl Breta, glóbristingurinn, á margt sameiginlegt með JR í Dallas.

görðum. Í Cranborne Manog eru t.d. um 40 fuglar. Richard Attenborough er þulur í þessum þætti og leiðir áhorfendur í sannleikann um þessa skemmtilegu fugla.

ÓTT